

Allar upplýsingar skulu vera á sama blaði (opna) og nafn skóla, undirskrift skólameistara/-stjóra og stimpill skóla. Nemandi fær ekki prófskírteini nema hann hafi lokið tilskildum námskeiðum, sem haldin eru á vegum skólans og nemendum er skylt að sækja og skal það skráð í prófskírteini. Prófskírteini skulu gefin út bæði á íslensku og ensku.

9. gr.

Nöfn þeirra er ganga undir próf skal rita í sérstaka bók, sem menntamálaráðuneytið löggildir og geymd er í viðkomandi skóla. Í prófbók skal skrá fullt nafn hvers nemanda, kennitölu og fæðingarstað ásamt einkunnum, sem gefnar voru við prófið. Nafn þeirra sem ljúka prófi skal einnig varðveita í spjaldskrá eða tölvu. Skólameistari/-stjóri sér um skráningu einkunna í prófbók.

Prófbók skal undirrituð af skólameistara/-stjóra, kennurum og prófdómurum.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 22/1972 og reglugerð nr. 174 um Stýrimannaskólann í Reykjavík og lögum nr. 57/1988 og reglugerð nr. 105/1990 um framhaldsskóla og öðlast gildi 1. sept. 1991.

Jafnframt er felld úr gildi prófreglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík nr. 481 frá 18. nóvember 1986.

Menntamálaráðuneytið, 15. mars 1991.

Svavar Gestsson.

Sólrún Jensdóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi við Bauganes nr. 4 og 6,
staðgreinireit 1.671.2 í Reykjavík.**

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 6. febrúar 1991, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi á lóðunum nr. 4 og 6 við Bauganes, staðgreinireit 1.671.2 að lóðin nr. 4 stækkar um 115 fermetra og lóðin nr. 6 minnkar sem því munar.

Borgarsjóður Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 15. apríl 1991.

F. h. r.
Páll Líndal.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.